

**Nr. 18-042 S 027 Vestmannaey VE 444 vs. Nordborg KG 689****Ásigling í höfn****Vestmannaey VE 444**

Skipaskr.nr. 2444  
 Smíðaður: Noregur, 2007, stál.  
 Útgerð: Bergur Huginn ehf.  
 Stærð: 290,55 brl. 485,67 bt.  
 Mesta lengd: 25,69 m Skráð lengd: 25,69 m  
 Breidd: 10,39 m Dýpt: 6,59 m  
 Vél: Yanmar, 514 KW, 2007.  
 Fjöldi skipverja: 12



Vestmannaey © Hilmar Snorrason

**Nordborg KG 689**

Skipaskr.nr. XPYG  
 Smíðaður: Cile, 2009, stál.  
 Útgerð: P/f Hvalnes, Færeyjum  
 Stærð: 5192 bt. 1558 nt.  
 Mesta lengd: 83,63 m Skráð lengd: 73,50 m  
 Breidd: 18,40 m Dýpt: 9,85 m  
 Vél: Rolls Royce, 6005 KW, 2008  
 Fjöldi skipverja: ?



Nordborg © NN

**Gögn:**

Lögregluskýrsla  
 Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni


Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

**Atvikalýsing:**

Þann 23. febrúar 2018 var Vestmannaey VE 444 að koma til hafnar í Vestmannaeyjum. Veður: A 10-12 m/sek og hviður.

Vestmannaey VE var á siglingu innan hafnar á milli Binnabryggju, þar sem Nordborg KG 689 lá við festar, og Friðarhafnarkants. Við þá bryggju lá Ísleifur VE 63 við festar. Þegar Vestmannaey kom til móts við skut Nordborgar byrjaði skipið að snúast í bak og þrátt fyrir tilraunir til að ná stjórn á því lenti það með stefni á síðu Nordborgar.

Skemmdir urðu á báðum skipunum sem reyndist vera um 110 cm löng ákoma og 3 cm djúp framarlega á bakborðssíðu Nordborg og dældir á stefni Vestmannaeyjar (sjá mynd).



Ákoman á Nordborg og stefni Vestmannaeyjar

*Við rannsókn kom fram:*

- að skipstjóri Vestmannaeyjar taldi að hliðarskrúfa skips sem lá við Friðarhafnarkant hafi verið í gangi og haft þar með þessi áhrif á stjórn skipsins. Hann kvaðst hafa séð ummerki þess eðlis þ.e.a.s. skrúfuvatn frá umræddu skipi;
- að samkvæmt talsmanni þess skips voru engar vélar í gangi enda ekki tilefni til þess, fáir um borð og skipið hefði komið til hafnar deginum áður og það verið landtengt.

*Nefndarálit:*

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.